



Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

2404022 SÓÁ

Efni: Athugasemdir vegna erinda Landnets ohf. um beiðni til ráðuneytisins að skipuð verði raflínunefnd vegna Holtavörðuheiðarlínu 1.

Vísað er til bréfs ráðuneytisins dags. 19. apríl 2024. Þar er sveitarfélaginu veitt tækifæri á að setja fram athugasemdir vegna erinda Landnets ohf., þar sem sett er fram beiðni til ráðuneytisins að nýtt verði heimild 9. gr. a í skipulagslögum nr. 123/2010, um að skipuð verði raflínunefnd vegna Holtavörðuheiðarlínu 1.

Vegna málsins vill Skorradalshreppur vekja sérstaka athygli á umfjöllun meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, við meðferð frumvarps, sem varð að breytingarlögum nr. 35/2023 við skipulagslög. Þar kemur m.a. fram:

Ljóst er að frumvarpið felur í sér frávik frá meginreglum skipulagslaga um að sveitarfélög fari með skipulagsvaldið og leggur meiri hlutinn áherslu á að öll slík frávik ber að túlka þröngt.

og

Meiri hlutinn leggur áherslu á að skipulagsmál raflína fara ekki sjálfkrafa til vinnslu og afgreiðslu raflínunefndar samkvæmt frumvarpinu heldur þarf að óska eftir því hverju sinni að ráðherra skipi slíka nefnd um afmarkaða framkvæmd. Meiri hlutinn telur farsælast að sveitarfélög nái sjálf að leysa ágreining vegna fyrirhugaðrar lagningar raflínu en á sama tíma nauðsynlegt að fyrir hendi sé farvegur til að aðstoða við lausn hans vegna þeirra þjóðhagslegu mikilvægu hagsmuna að raforkuöryggi verði tryggt um allt land. Með frumvarpinu er lagður til slíkur farvegur.

Skorradalshreppur telur að í ljósi meginreglna skipulagslaga og 78. gr. stjórnarskrár, þurfi að liggja fyrir sérstakar aðstæður svo heimild til að skipa raflínunefnd verði nýtt. Í erindum Landsnets koma engin sérstök sjónarmið fram sem réttlæti að beita skuli heimildinni.

Sveitarfélagið telur að málsmeðferð raflínuskipulags leiði til verulegra álitamála um skipulagsvinnu og framkvæmd skipulags á síðari stigum. Staða raflínunefndar í stjórnkerfi sé verulega óljós, m.a. hvað varðar aðildarhæfi, stöðu gagnvart málsmeðferðarreglum sem gilda almennt um sveitarfélög, innheimtu framkvæmdaleyfisgjalds o.fl.

Hafa ber í huga að með breytingarlögum var gert ráð fyrir setningu reglugerðar um raflínuskipulag, sbr. 45. gr. skipulagslaga. Reglugerð hefur ekki verið sett og ótímabært að gera ráð fyrir skipun raflínunefndar í ljósi þeirrar stöðu.

Sýnt er ýmiskonar lagaleg óvissa er til staðar vegna málsmeðferðar og framkvæmdar raflínuskipulags, enda ljóst að skörun verður við skipulagsmálefni sem aðalskipulag fjallar um. Þannig er ósvarað hvað skipulagsþættir falla undir raflínuskipulag, t.d. varðandi efnistöku, slóðagerð o.fl. Óvissa getur því skapast við veitingu framkvæmdaleyfis á grundvelli raflínuskipulags þar sem raflínuskipulag er ekki í samræmi við stefnu aðalskipulags.

Þá er sérstaklega vísað til ákvæða 9. gr. c raforkulaga nr. 65/2003, þar sem fjallað er um stöðu kerfisáætlunar gagnvart skipulagi sveitarfélaga. Skorradalshreppur telur þau lagaákvæði í fullu gildi og eðlilegt að vinna við gerð aðalskipulags sveitarfélagsins muni hvíla á þeim reglum.

Skorradalshreppur leggur áherslu á að sveitarfélagið geti innan lýðræðislega skipaðra stjórnareininga sveitarfélagsins, sveitarstjórnar og skipulagsnefndar, fengið til meðferðar skipulagsákvæðanir vegna Holtavörðuheiðarlínu 1.

Í erindi Landsnets, dags. 19. apríl sl. þar sem verið er að veita frekari upplýsingar til ráðuneytisins kemur einnig fram að hlutaðeigandi sveitarfélögum hafi verið tilkynnt um beiðnina og að engin sérstök mótmæli hafi borist. Skorradalshreppur vill að það komi fram að í beiðni Landsnets, dags. 1. mars sl. til ráðuneytisins var á engan hátt gefið til kynna að umsagna væri óskað heldur var tekið fram að Landsnet myndi upplýsa hlutaðeigandi sveitarfélög um framkomna beiðni.

Hvanneyri 6. maí 2024
Virðingarfyllst,



Pétur Davíðsson,
Formaður skipulags- og byggingarnefndar